

STJÓRNARTÍÐINDI B 42 – 1999

Nr. 308

864

6. maí 1999

AUGLÝSING

um skipulag fyrir stakt frístundahús í landi Hemru í Skaftárhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skaftárhrepps, þann 12. október 1998, samþykkt skipulag fyrir stakt frístundahús í landi Hemru í Skaftárhreppi.

Skipulagið er nánar tilgreint á uppdrætti og afstöðumynd sem hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kirkjubæjarklaustri, 6. maí 1999.

F.h. sveitarstjórnar Skaftárhrepps,

Ólafía Jakobsdóttir sveitarstjóri.

Nr. 309

3. maí 1999

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um lögmæltar ökutækjatrýggingar, nr. 556 29. desember 1993.

1. gr.

Í stað „Vátryggingaeftirlitsins“ í 3. mgr. 6. gr., sbr. reglugerð nr. 532 31. ágúst 1998, komi: Fjármálaeftirlitsins.

2. gr.

1. mgr. 11. gr., sbr. reglugerð nr. 532/1998, orðist svo:

Við skráningu vélknúins ökutækis skal færa sönnur á að í gildi sé vegna ökutækisins vátrygging í samræmi við ákvæði umferðarlaga, og við skráningu eigendaskipta að ökutæki skal ganga úr skugga um að nýr eigandi (umráðamaður) hafi tryggt ökutækið lögmæltri vátryggingu. Við almenna skoðun ökutækis, svo og þegar afhent eru að nýju skráningarmerki ökutækis sem verið hafa í vörslu skráningarstofu eða aðila í umboði hennar, skal með sama hætti færa sönnur á að lögmælt vátrygging sé í gildi fyrir ökutækið.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 4. mgr. 91. gr., 1. mgr. 94. gr. og 2. og 3. mgr. 96. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. maí 1999.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.